



Ríkiskaup
b.t. Ragnars Davíðssonar, sviðsstjóra
þjónustusviðs
Borgartúni 7c
105 Reykjavík

Reykjavík 19. mars 2018

1708009SA TH
Málalykill: 01.20

Efni: Samstarf Ríkiskaupa og sveitarfélaga um rammasamninga o.fl.

Á fundi tengiliðahóps um opinber innkaup sem haldinn var hjá sambandinu 2. mars sl. var fjallað um samstarf við Ríkiskaup um rammasamninga. Var samstarfið jafnframt fundarefni fundar með Ríkiskaupum 9. febrúar sl. Lýstu fulltrúar tengiliðahóps yfir ánægju með bætt samskipti við Ríkiskaup og þann ávinning sem hlotist hafði af samtali aðilanna.

Í umfjöllun um yfirlit sem sent var yfir rammasamninga lýstu sveitarfélög jafnframt yfir vilja til þess að Ríkiskaup hefðu milligöngu um fleiri samningum og voru þar nefndir eftirfarandi rammasamningar: um spjaldtölvur, alverktöku og tryggingar, talmeinaþjónustu, öryggisvörur (myndavélar, slökkvitæki, yfirferð o.fl.), sálfræðipjónustu, leikskólahúsgögn, hljóðfærakaup, föndurvörur fyrir eldri borgara og leikskóla.

Þar sem mikil aukning hefur verið á alvarlegum slysum var talin brýn þörf á því að hefja vinnu við rammasamningum um sálfræðipjónustu fyrir slökkviliðs- og sjúkraflutningastarfsfólk enda hafi Landssambands Slökkviliðs og sjúkraflutninga vakið sérstaka athygli á vandamálinu við sambandið.

Var á fundinum var jafnframt fjallað um útboðsvefinn www.utbod.is. Taldi nefndin vefinn einfaldan og góðan en ekki nægjanlega þekktan. Mikilvægt væri því að standa við áform um að kynna vefinn betur. Á vettvangi sveitarfélaga var sambandinu þannig falið að upplýsa sveitarfélög um að þau þurfi aðgang að útboðsvef.

Fjallað var um þáttöku í Kaupendaráði og munu sveitarfélögin þiggja það boð og tilnefna Jón Inga Benediktsson og Gunnlaug Júlíusson sem fulltrúa þeirra. Hefur Fjármálaráðuneytinu verið tilkynnt um það.

Að lokum vill tengiliðahópurinn taka fram að samskiptastjóri sambandsins, Helga Guðrún Jónsdóttir, hefði verið tengd við Birnu Magnadóttur hjá Ríkiskaupum til að auðvelda miðlum upplýsinga á milli Ríkiskaupa og sveitarfélaga sérstaklega þegar um væri að ræða upplýsingar sem vörða öll sveitarfélög.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Telma Halldórsdóttir
lögfræðingur